



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 05. maí 2017

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952, með síðari breytingum (ríkisfangsleysi) (Þingskjal 502 — 373. mál.)

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952, með síðari breytingum (ríkisfangsleysi)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn fyrir ofanefnt mál.

Barnaheill fagna því að til standi að fullgilda þá tvo alþjóðasamninga sem stefnt er að skv. athugasemdum með frumvarpinu, þ.e. samninga Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá 1954 og samning um að draga úr ríkisfangsleysi frá 1961. Brýnt er að tryggja börnum á Íslandi sem það kjósa að öðlast íslenskt ríkisfang svo fljótt sem verða má, einkum í þeim tilvikum þegar barn yrði ella ríkisfangslaust. Samkvæmt 7. gr. Barnasáttmálans eiga öll börn rétt á ríkisfangi.

Samtökin telja ýmsar réttarbætur koma fram í frumvarpinu og breytingarnar t.a.m. á 1. gr. laganna sem breyta orðunum móður og föður í foreldri vera eðlilegar og í takt við tímann. Einnig fagna samtökin því að börn sem ættleidd eru af íslenskum ríkisborgurum, fái að öðlast ríkisborgararétt alveg til 18 ára aldurs, en ekki einungis til 12 ára aldurs eins og áður hefur verið.

Samtökin gleðjast yfir því að barn skuli veita samþykki sitt við því að öðlast íslenskan ríkisborgararétt við ættleiðingu sé það orðið 12 ára, en vilja gjarnan sjá börnum yngri en 12 ára tryggður réttur til að tjá skoðun sína á því hvort þau verði íslenskir ríkisborgarar. Öll börn sem myndað geta sér skoðanir hafa rétt til að tjá þær skv. 12. gr. Barnasáttmálans.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á að öllum börnum skuli tryggð öll réttindi hans án mismununar af nokkru tagi.